



Akraneskaupstaður

Jakob Sævar Sigurðsson

Suðurgata 107
300 Akranes

*Erindið sent með tölvupósti
á netfangið: jakobsig2@gmail.com*

Akranesi, 08.06.2021
2105127 HS/sh

Grenndarkynning

Efni: Deiliskipulag Sementsreits - breyting - Suðurgata

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs sem haldinn var 31. maí 2021 var fjallað um breytingu á byggingarmagni í samræmi við lóðarstærðir. Stækkun á byggingarreitum til hagræðingar.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs:

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að breyting á deiliskipulagi verði grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum við Suðurgötu nr. 90, nr. 93, nr. 97, nr. 99, nr. 103, nr. 107, nr. 109, nr. 111, nr. 113 og nr. 114. Breytingin felst í því að lóðir nr. 92, nr. 94, nr. 96, nr. 98, nr. 106, nr. 110, nr. 112 og nr. 118 fá rýmri byggingarreiti. Byggingamagn á Suðurgötu nr. 110 er aukið úr 221 fermetra í 230 fermetra. Byggingarmagn á Suðurgötu 112 er aukið úr 221 fermetra í 245 fermetra. Heimilt verður að fjarlægja hús við Suðurgötu 108 og gerður nýr byggingarreitur, byggingarmagn á lóðinni var 237 fermetra en verður 245 fermetrar. Að öðru leyti gildir núverandi deiliskipulag og greinargerð.

43. gr. Breytingar á deiliskipulagi. 2. mgr.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan vikur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.

Með vísun í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er þér hér með veittur fjögurra vikna frestur til þess að tjá þig um fyrirhugaða breytingu. Grenndarkynningin hefst **09. júní 2021 til og með 11. júlí 2021.**

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skipulags- og umhverfissviðs að Stíllholti 16-18 mánudaga-fimmtudaga frá kl. 09.00-15:00 og föstudaga frá 09.00-14.00, eða á netfangið skipulag@akranes.is



Akraneskaupstaður

Ef þú hefur einhverjar athugasemdir við ofanskráð erindi skulu þær hafa borist skriflega í Þjónustuver Akraneskaupstaðar eigi síðar en **11. júlí 2021**. Skipulags- og umhverfisráði er heimilt að stytta tímabil grenndarkynninga ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta lýsa skriflega með áritun á kynningargögn áður en 4 vikur eru liðnar, að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

Sólveig Hallgrímsd.

Sólveig Hallgrímsdóttir
Þjónustufulltrúi í skjalamálum

Undirritaður eigandi Suðurgötu nr. 107 íbúð 102 gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingu á deiliskipulag Sementsreits.

Akranesi _____

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala